

**Sp.**

**28. Tillaga til þingsályktunar**

[28. mál]

um grasköggla-verksmiðjur.

Flm.: Pálmi Jónsson, Lárus Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að hraðað skuli uppbyggingu grasköggla-verksmiðjanna í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu, þannig að þær geti tekið til starfa á árunum 1981 og 1982.

Fjár til framkvæmda verði aflað á þrennan hátt:

1. Með framlögum úr heimahéruðum, eftir því sem aðstæður leyfa.
2. Með framlögum á fjárlögum.
3. Með lánsfé.

Tekið verði til rækilegrar athugunar hvort ekki sé hagkvæmt að nýta jarðvarma eða raforku til rekstrar verksmiðjanna, en þess gætt að láta slíkar athuganir ekki tefja framkvæmdir.

**G r e i n a r g e r ð .**

Fáar nýjar leiðir virðast augljósar til þess að mæta afleiðingum harðindanna, sem gengið hafa yfir landið, einkum norðanvert, á þessu ári. Knöppum heyforða og grasleysi á útjörð verður ekki mætt með heykaupum, þegar nálega engin byggðarlög eru aflögufær. Þeim mun sjálfsagðara er að fara þær leiðir, sem við blasa, til þess að tryggja okkur betur fyrir fódurskortinum, ef fleiri hörð ár sigla í kjölfar þess sem nú er senn liðið. Stórefling fóðuriðnaðar getur átt veigamikinn þátt í þessu, auk þess sem hann glæðir innlenda atvinnustarfsemi og dregur úr gjaldryriseyðslu vegna fóðurvörukaupa.

Ákvæðið hefur verið að byggja grasköggla-verksmiðju í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Framkvæmdir hófust fyrir nokkrum árum, nægilegt land hefur verið keypt, það framtæst og ræktun nokkuð á veg komin.

Forsaga þessa máls er í stórum dráttum, sem hér greinir:

Þegar breytingar voru gerðar fyrir forgöngu sjálfstæðismanna á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum árið 1971 voru í fyrsta sinn sett í lög ákvæði um grasköggla-verksmiðjur. Á grundvelli þeirra laga starfaði nefnd sex manna, þriggja frá Búnaðarfélagi Íslands og þriggja frá Landnámi ríkisins, að því að semja áætlun um, hversu margar grasköggla-verksmiðjur sé eðlilegt að stofna í landinu, og gera tillögur um staðarval. Álit nefndarinnar er prentað hér með sem fskj. I. Í niðurstöðum nefndarinnar eru gerðar tillögur um stofnun eftirtalinna verksmiðja og í þessari röð:

Í Hólminum í Skagafirði.

Í landi Flateyjar í A.-Skaftafellssýslu.

Einnig er lagt til að athugaðir verði möguleikar á undirbúningi að stofnun verksmiðju í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu.

Tillögur nefndarinnar voru samþykktar óbreyttar af stjórn Búnaðarfélags Íslands og nálega óbreyttar af landnámsstjórn.

Landbúnaðarráðherra, Halldór E. Sigurðsson, tók á hinn bóginn ákvörðun um að breyta tillögum nefndarinnar þannig, að Flatey komi sem nr. 1, Hólmurinn nr. 2 og Saltvík nr. 3. Framkvæmdatími lengdist úr fimm árum í allt að átta ár, sbr. fskj. II.

Í framhaldi af þessari ákvörðun var hafin bygging verksmiðjunnar í Flatey, sem tekin er til starfa fyrir þremur árum. Lítils háttar fjárveitingar hafa þó verið á fjárlögum til verksmiðjanna á Norðurlandi, enda undirbúningur og framkvæmdir nokkuð á veg komin, svo sem fyrir er lýst. Þessar fjárveitingar voru þó algerlega felldar niður við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1979.

Á árinu 1976 skipar landbúnaðarráðherra, Halldór E. Sigurðsson, nefndir heima-  
manna til þess að vinna að undirbúningi að byggingu verksmiðjanna á Norðurlandi, m. a. að athuga fjármögnunarleiðir og þátt heimamanna í þeim. Á hinn bóginn hefur verksmiðjunum enn ekki verið sett stjórn, svo sem lög gera þó ráð fyrir.

Þessar nefndir unnu verulegt starf og birtast hér með sem fskj. bréf til ráð-  
herra frá nefndinni er varðar Hólminn í Skagafirði, enn fremur tillaga frá full-  
trúafundi á Húsavík, ásamt greinargerð frá Stefáni Skaftasyni.

Mikill áhugi er fyrir þessum málum á Norðurlandi og hafa fjölmargar fundar-  
samþykktir verið gerðar í því skyni að knýja á framkvæmdir. Þessar samþykktir  
verða þó ekki frekar tíundaðar hér. Einnig hafa landnámsstjóri og landnámsstjórn  
mjög unnið að þessu máli, eins og unnt er að skýra með mörgum gögnum, og það,  
sem gert hefur verið, hefur hvílt á herðum landnámsstjóra.

Verulegar athuganir hafa farið fram á möguleikum og hagkvæmni þess að nýta  
innlenda orkugjafa, raforku eða jarðvarma, í stað svartolíu við þurrkun grass og  
grænifóðurs í grasköglaverksmiðjunum í Hólminum og Saltvík. Báðar verksmiðj-  
urnar eru í næsta nágrenni við jarðhitasvæði, og Hólmurinn er auk þess rétt við  
aðveitustöð á byggðalínu.

Það síðasta, sem unnið hefur verið í þessu máli, er að fyrir einu ári var Stefáni  
Erni Stefánssyni verkfræðingi falið að kanna möguleika og gera grófa áætlun um  
stofnkostnað verksmiðja á þessum tveimur stöðum með mismunandi orkugjöfum,  
þ. e. jarðvarma, raforku og svartolíu. Hinn 30. júní s. l. skilar Stefán Örn greinargerð  
um málið til landbúnaðarráðuneytisins. Er hún viðameiri en svo, að rétt þyki að  
birta hana hér, en þó eru prentaðar hér með sem fskj. niðurstöður hennar og verk-  
efnalisti.

Sjálfsagt er að halda slíkum athugunum áfram, en rétt er að benda á að þurrkari  
er ekki nema hluti vélasamstæðu, sem á þarf að halda. Þess vegna er tekið fram  
í tillögugreininni, að slíkar athuganir verði ekki látnar hefja framkvæmdir, heldur  
hefji verksmiðjurnar vinnslu með svartolíuþurrkun, ef þá verða óleyst tæknileg  
vandamál í sambandi við þurrkun með jarðvarma eða raforku, enda þótt nauð-  
synlegt verði að breyta eða jafnvel skipta um þurrkara þegar skipt væri um orku-  
gjafa síðar.

Miðað við þann undirbúning og framkvæmdir, sem þegar hafa verið unnar, er  
reiknað með að kosti 400—500 millj. kr. að koma upp hvorri verksmiðjunni um  
sig ásamt nauðsynlegri ræktun og tækjabúnaði. Hér er þó um mjög grófa áætlun  
að ræða. Til þess að unnt sé að taka verksmiðju í notkun árið 1981 væri nauðsynlegt  
að vinna landið og sá í nokkuð af því næsta sumar, einnig að skipuleggja svæðið,  
panta vélar og hefja byggingu verksmiðjuhúss næsta haust. Vorið 1981 yrði þá  
lokið við byggingu hússins, settar niður vélar, keypt tæki og lokið vegagerð og  
ýmsum lögnum, fyrir vatn, rafmagn o. s. frv. Allt er þetta framkvæmanlegt, en þó  
því aðeins að fjármagn skorti ekki.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að fé verði fengið á þrennan hátt. Á undanförunum  
árum hefur orðið vart við áhuga heimamanna á því að leggja fram fé til þess að  
koma verksmiðjumálunum áfram. Hefur t. a. m. sr. Gunnar Gíslason í Glaumbæ ritað  
blaðagrein þar sem hann leggur til að þessi leið verði farin, og yrðu þá verksmiðj-  
urnar væntanlega eign hlutafélags eða sameignarfélags bænda, samtaka þeirra og  
ríkisins. Nefnd sú, sem starfaði að undirbúningi verksmiðjunnar í Hólminum, kann-  
aði þessi mál allitarlega þá, en fékk litlar undirtektir. Sjálfsagt er að ný athugun  
fari fram á því, hversu mikið fjármagn unnt er að fá lagt fram á heimaslóðum og  
hversu mikinn hlut heimaaðilar vilji taka á sig í uppbyggingu og rekstri.

Að sjálfsögðu verður hægt að fá verulegt lánsfé, þó til misjafnlega langs tíma verði. Má vænta þess, að það fáiast bæði úr Stofnlánadeild landbúnaðarins, Framkvæmdasjóði Íslands og Byggðasjóði, og sennilega erlent lán vegna vélakaupanna. Það, sem á vantar, verður nauðsynlegt að fá sem framlag á fjárlögum, ef ekki verður lögfestur markaður tekjustofn í þessu skyni. Rétt er einnig að hafa það í huga, að hæpið má teljast að rekstur verksmiðjanna geti horið veigamikinn hluta fjármagns-kostnaðar vegna stofnframkvæmda.

Það, sem að framan er rakið, sýnir að hægt er að koma verksmiðjunum í rekstur á árinu 1981, ef fjármagn skortir ekki. Norðlendingar eru orðnir langþreyttir í þessu máli. Þeir horfa á lönd, sem tekin hafa verið frá til þessara nota, sundurflakandi í hjarta byggðarlaga sinna. Þetta er enn sárara í árferði eins og nú er, þegar hvarvetna blasir við grasleysi og knappt heyfóður. Lengur verður ekki unað því aðgerðarleysi sem staðið hefur, enda komið fram yfir allan áætlaðan tíma framkvæmda við þessar verksmiðjur.

Hér er um þau þjóðhagslegu markmið að ræða að efla fóduriðnað í landinu sjálfu, gera okkur óháðari innflutningi á fódurvörum og draga úr gjaldeyriseyðslu til fódurkaupa. Framleiðsla þessara verksmiðja beggja verður væntanlega um sex þúsund tonn á ári, en innflutt fóður hefur síðustu árin verið 60—70 þús. tonn árlega. Hér er því aðeins um að ræða skref í áttina til þess að draga úr þessum innflutningi. Vert er að vekja athygli á því, að á þessu ári hafa verið fluttir inn graskögglar í fyrsta sinn og vaxandi kröfur um frekari innflutning þeirra, vegna þess að framleiðsla sumarsins hér heima er löngu uppseld og þeir ófáanlegir í landinu.

Allt sýnir þetta ljóslega, hve nú er nauðsynlegt að taka á í þessu máli. Við flm. væntum þess því fastlega, að tillaga þessi fái góðan byr í gegnum Alþingi og framkvæmdir verði með þeim hætti sem að er stefnt.

## Fylgiskjal I.

### **Nefndarálit samstarfsnefndar Búnaðarfélags Íslands og Landnáms ríkisins um grænófóðurverksmiðjur.**

Á síðastliðnu hausti var skipuð nefnd af Landnámi ríkisins og Búnaðarfélagi Íslands „til að gera áætlun, eins fljótt og við verður komið, um hversu margar grænófóðurverksmiðjur sé eðlilegt að stofna í landinu og gera tillögur um staðarval“.

Í nefndinni eiga sæti Árni Jónsson, Stefán H. Sigfússon og Pálmi Jónsson, valdir af landnámsstjórn, og Björn Bjarnason, Árni G. Pétursson og Ketill Hannesson, valdir af stjórn Búnaðarfélags Íslands. Nefndin hóf þegar störf og hefur haldið yfir 20 fundi, en nefndarmenn hafa skipt störfum á milli funda.

Nefndarmenn eru sammála um, að samkvæmt þeirri reynslu, er fengist hefur, og þeim tilraunum, sem nú eru í gangi með heyköggla (fylgiskjöl 1, 2 og 3), megi telja líklegt, að hagkvæmt sé að nota heyköggla sem svarar til allt að 50% af kjarnfóðri miðað við að verð pr. fódureiningu sé sambærilegt.

Sé reiknað með að innflutt kjarnfóður, sem notað er í sauðfé, nautgripi og hesta, sé ca 50 000 tonn árlega og að heyköggla kæmu í stað 25 000 tonna, svarar það til að framleiða þyrfti 32 500 tonn heyköggla. Reiknað er með 1.0 kg fódurbætis í Fe. og 1.3 kg heyköggla í Fe. (fylgiskjal 4).

Nefndin hefur kynnt sér rekstur verksmiðja ríkisins í Gunnarsholti og á Stórólfsvelli (fylgiskjöl 5 og 6). Nefndin telur, að flest bendi til þess, að þessar rekstrar-einingar séu ekki hagkvæmar, og vill í því sambandi vísa til greinargerðar P. Sonne Frederiksen, forstöðumanns „Forskningsinstitut for handels- og industriplanter“ (fylgiskjal 7), en Sonne Frederiksen dvaldi hér á landi 20.—26. mars síðastliðinn og kynnti sér þessi mál ásamt nefndarmönnum, bæði í Gunnarsholti og á Stórólfsvelli.

Reiknaður hefur verið út, eftir upplýsingum þessum og þeirri reynslu, sem fengin er hérlendis, stofn- og rekstrarkostnaður fyrir mismunandi verksmiðjustærðir, við mismunandi aðstæður. Niðurstöður sjást á fylgiskjali nr. 8.

Með hliðsjón af þessu leggur nefndin til, að þegar verði gerð áætlun um endurbyggingu verksmiðjunnar í Gunnarsholti, þannig, að eimingargeta hennar verði a. m. k. 10 tonn/klst. (sem svarar til ca 4000 tonna framleiðslu), og stefnt að því, að sú breyting geti orðið sem allra fyrst.

Lagt er til, að verksmiðjan verði m. a. rekin með það í huga, að þar sé unnt að framkvæma þær tilraunir og athuganir, sem þörf krefur.

Nefndin lítur svo á, að við staðsetningu nýrra verksmiðja þurfi framfar öðru að taka mið af tveimur afgerandi þáttum: Annars vegar ræktunaröryggi, fullnægjandi landstærð og vinnslutíma, og á hinn bóginn markaðssvæðum og flutningaleiðum. Má í því sambandi benda á, að vart er að vænta, miðað við verðlag í dag, að flutningur fáiast fyrir minna en kr. 500,— á hvert tonn pr. 100 km. Þetta verð er þó verulega fyrir neðan taxta. Vert er að benda á, að í ár, þegar ekki er um fóðurskort að ræða og ekki greiddir flutningastyrkir, virðast menn ekki leggja út í lengri flutning en ca 500 km.

Í framhaldi af þessu leggur nefndin til, að þegar verði hafinn undirbúningur að stofnun heykögglaverksmiðja á Norðurlandi og Austurlandi, m. a. með það í huga, að fá úr því skorið, hversu hagkvæmt sé að reka verksmiðjur í þessum landshlutum.

Við staðarval er rétt að hafa það í huga, að unnt sé að tryggja land, sem nægi til þeirra framleiðsluafkasta, sem mesta hagkvæmni veita, og eins og fram kemur í fylgiskjali nr. 8 eru það verksmiðjur með 10—20 tonna eimingargetu pr. klst.

Nefndin hefur kannað ýmsa hugsanlega staði á Norður- og Austurlandi og fylgir hér með greinargerð um 4 staði (fylgiskjal 9), sem nefndin hefur talið að helst komi til greina, einnig áætlun um hvenær væri hugsanlegt að verksmiðjur á þessum stöðum gætu tekið til starfa. Þá fylgir og áætlun um stofn- og rekstrarkostnað fyrir verksmiðju með 2.8 tonna eimingargetu (fylgiskjal 10). Áætlun þessi er unnin af verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns í samráði við Stefán H. Sigfússon fyrir Fóðuriðjuna hf., Saurbæ, Dalasýslu. Einnig fylgir áætlun um stofn- og rekstrarkostnað mismunandi stærða af verksmiðjum miðað við danskar aðstæður (fylgiskjal 7), þessi áætlun gefur hugmynd um hlutfallið milli stórra og lítilla verksmiðja hvað stofn- og rekstrarkostnað snertir.

Nefndin mælir með því, að verksmiðju á Norðurlandi verði valinn staður í landi Lauftúns, Krossaness og Löngumýrar í Skagafirði. Þessar jarðir, að undanteknum 10 ha og húsum Löngumýrarskóla, eru í eigu Landnáms ríkisins. Nefndin byggir þessa skoðun sína fyrst og fremst á því, að talið er að ræktun sé öruggari í Hólminum í Skagafirði en á því landi sem um er að ræða í S.-Þingeyjarsýslu. Séu kalárin 1965—1968 höfð í huga mundi þurfa mun meira land í S.-Þingeyjarsýslu til að tryggja svipað rekstraröryggi og í Hólminum, og má í því sambandi vísa til skýrslna héraðsráðunautanna á þessum svæðum til kalnefndar.

Verði byrjað með litla verksmiðju má benda á, að í Lauftúni eru byggingar þar sem mætti koma fyrir sambærilegri vélasamstæðu og þeirri, sem nú er í Gunnarsholti. Þar þyrfti aðeins að byggja geymsluhús og gera breytingar á öðrum byggingum. Sá möguleiki gæti skapast að flytja tæki verksmiðjunnar í Gunnarsholti og setja þau upp á þessum stað, yrðu fengin ný og stærri tæki í verksmiðjuna í Gunnarsholti.

Á Austurlandi er lagt til að valinn verði staður í landi Flateyjar í Mýrahreppi, Austur-Skaftafellssýslu, fyrst og fremst vegna þess, að ræktun þar yrði ódýrari en í Vallanesi og meiri möguleikar á landumráðum.

Nefndin telur rétt að benda á, að hvort sem uppbyggingu þessara verksmiðja yrði háttáð eins og gert er ráð fyrir í X. kafla laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum eða á annan hátt, t. d. með því að stofnuð

verði félög um byggingu og rekstur, telur nefndin rétt að þessir staðir verði valdir og uppbygging fari fram í þessari röð, að aflokinni áætlunargerð um stærð og rekstur: í Hólminum í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu, í landi Flateyjar, Mýrahreppi, A.-Skaftafellssýslu.

Þá leggur nefndin til, að athugaðir verði möguleikar á undirbúningi að stofnun verksmiðju í Saltvík, Reykjahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, ef unnt yrði að fá land fyrir verksmiðju af hagkvæmri stærð.

Þessum verkefnum ásamt stækkun verksmiðjunnar í Gunnarsholti verði lokið á næstu fimm árum.

Nefndin telur rétt, að unnið verði áfram að áætlunargerð um þessi mál, og verði á þessu ári lögð aðaláhersla á að komast að því, hvaða stærð verksmiðju muni verða hagkvæmust hér á landi. Lokið verði við að gera 10 ára áætlun 1973—1974.

Árni Jónsson.  
Stefán H. Sigfússon.  
Pálmi Jónsson.

Björn Bjarnarson.  
Árni G. Pétursson.  
Ketill Hannesson.

## Fylgiskjal II.

Til landnámsstjórnar,  
Búnaðarbankahúsinu v/Hlemmtorg.

Reykjavík, 2. júní 1972.

Með skírskotun til bréfs landnámsstjórnar, dags. 28. maí s.l., þar sem gerðar eru tillögur um staðsetningu grænifóðurverksmiðja á landinu, vill ráðuneytið hér með samþykkja áætlun landnámsstjórnar um grænifóðurverksmiðjur þessar á þann hátt sem hér greinir:

1. Flatey í Mýrahreppi, A.-Skaft.
2. Hólmurinn í Skagafirði.
3. Saltvík S.-Þing.

Enn fremur telur ráðuneytið rétt, að veittur verði aukinn styrkur til Fóðuriðjunnar hf., Dalasýslu, að upphæð 4 millj. kr., þar sem ljóst er af nýgerðri áætlun, að kostnaður við framkvæmdir þar verði 30—40% hærri en gert var ráð fyrir. Styrkur þessi yrði greiddur á næstu þrem árum, 1973, 1974 og 1975.

Það skal að lokum tekið fram, að gera verður ráð fyrir, að áætlaður framkvæmdatími lengist frá tillögum nefndarinnar í allt að 8 árum.

Halldór E. Sigurðsson.  
Gunnl. E. Briem.

## Fylgiskjal III.

Sauðárkróki, 12/9 1976.

Hr. landbúnaðarráðherra  
Halldór E. Sigurðsson,  
landbúnaðarráðuneytinu,  
Reykjavík.

Á fundi sínum þann 11/9 s.l. gerði nefnd sú, er þér skipuðuð með bréfi dags. 29/6 s.l. til þess að vinna að málefnum væntanlegrar grænifóðurverksmiðju í Hólminum í Skagafirði, eftirfarandi bókun:

Með tilvísun til bréfs landbúnaðarráðherra, dags. 29. júní s.l., varðandi græn-  
fóðurverksmiðju í Hólminum í Skagafirði vill nefndin taka fram eftirfarandi:

1. Nefndin lýsir ánægju sinni yfir þeirri yfirlýsingu landbúnaðarráðherra, að ákveðið sé að hefja byggingu græn-  
fóðurverksmiðju í Hólminum í Skagafirði og að landbúnaðarráðuneytið muni leggja áherslu á, að á fjárlögum næsta árs verði fjárveiting til að hefja byggingarframkvæmdir á árinu 1977.
2. Nefndin hefur skrifað öllum samvinnufélögum, búnaðarsamböndum og hreppa-  
búnaðarfélögum í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum um þetta mál, þar sem m. a. er spurð fyrir um það, hvort þau vilji eiga aðild að uppbyggingu og rekstri verksmiðjunnar og þá í hvaða formi.
3. Þar sem ekki liggur fyrir hvort nægjanlegt heitt vatn fæst í nágrenni verk-  
smiðjunnar með hagkvæmum hætti, leggur nefndin eindregið til, að verksmiðjan í Hólminum verði byggð í sama formi og verksmiðjur þær, sem þegar hafa verið byggðar, þ. e. að svartolía verði notuð sem orkugjafi við þurrkun á því hráefni sem notað verður til kögglagerðarinnar. Verksmiðjan verði af sömu stærð og verksmiðjurnar í Gunnarsholti og Flatey. Vélabúnaður til hennar verði því keyptur í samræmi við það. Bygging verksmiðjunnar í því formi, sem hér er gert ráð fyrir, útilokar ekki möguleika á notkun heita vatnsins, þar sem þurrkhúsið, með tilheyrandi tæknibúnaði til forþurrkunar á hráefninu, mundi koma sem viðbótareining við þær byggingar og vélakost sem gert er ráð fyrir.
4. Hið allra fyrsta verði staðsett borhola í nágrenni verksmiðjunnar og hafin þar borun eftir heitu vatni, svo að úr því fáiast skorið, hvort nægjanlegt heitt vatn fáiast til forþurrkunar á hráefni til heykögglagerðarinnar.
5. Fáist heitt vatn verði gerð áætlun um hvort hagkvæmt yrði að byggja þurrkhús með tilheyrandi tæknibúnaði við verksmiðjuna og minnka olíunotkun við þurr-  
unina á hráefninu.

Egill Bjarnason.  
Gunnar Oddsson.  
Páll Pétursson.

Pálmi Jónsson.  
Brynjólfur Sveinbergsson.

#### Fylgiskjal IV.

Sauðárkróki, 2/9 1977.

Hr. landbúnaðarráðherra  
Halldór E. Sigurðsson,  
landbúnaðarráðuneytinu,  
Reykjavík.

Eins og yður var skýrt frá í bréfi, dags. 9/9 1976, skrifaði undirbúningsnefnd varðandi græn-  
fóðurverksmiðju í Hólminum í Skagafirði öllum samvinnufélögum, búnaðarsamböndum og búnaðarfélögum í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum græn-  
fóðurverksmiðju.

Svör, sem nefndinni hafa borist, eru á þann veg, að allir aðilar lýsa fyllsta stuðningi og áhuga fyrir byggingu verksmiðjunnar, en vilja ekki skuldbinda sig með beinni aðild að byggingu eða rekstri hennar, að svo komnu máli. Sum félög nefna sem möguleika einhvern stuðning á lokastigi framkvæmda. Þessi afstaða er yfirleitt studd þeim rökum, að fóðuriðnaður úr íslensku hráefni sé þjóðhagslegt stórverkefni, sem vinna þurfi að á skipulegan hátt og koma á traustari grundvöll en nú er, bæði hvað snertir fjármögnun og rekstur. Að heimaaðilar hefji þessar

framkvæmdir með það fyrir augum, að opinberir aðilar taki svo við, telja flestir vafasama leið, sem gæti skaðað heildarverkefnið, miðað við þær aðstæður sem fóður-iðnaðurinn býr við í dag.

Með hliðsjón af framangreindum skoðunum heimaaðila leggur nefndin eindregið til, að landbúnaðarráðuneytið heiti sér fyrir setningu laga um fóðuriðnaðarsjóð í samræmi við tillögur fóðuriðnaðarnefndar er samþ. voru á síðasta Búnaðarþingi.

Að fenginni löggjöf, sem markaði fasta tekjustofna til fjármögnunar þessarar starfsemi, opnaðist trúlega einnig leið fyrir heimaaðila að taka þátt í byggingu og rekstri verksmiðjanna.

Nefndin hefur rætt við stjórn Varmahlíðar (sem starfar í umboði Skagafjarðarsýslu) um að fá heitt vatn til nota fyrir verksmiðjuna, ef hagkvæmt þætti og tæknilega hægt að nota í stað olíu, að einhverju eða öllu leyti. Í viðræðunum kom fram, að eins og er er heita vatnið nær fullnýtt í Varmahlíð. Þarf því að bora eftir því vatni, sem verksmiðjan kynni að fá. Um árangur af væntanlegri borun er ekkert hægt að fullyrða á þessu stigi málsins. Enn liggur ekki fyrir hvar líklegastur árangur fengist við borun. Talið er líklegt, að það verði vestan í Reykjarhólnum. Sú staðsetning borholu lengir hitalögn að væntanlegri verksmiðju nokkuð. Þá kemur einnig til álita að dýpka þá einu holu, sem boruð hefur verið í Varmahlíð og er rétt norðan við sundlaugina. Úr henni fæst 96—100 gráðu heitt vatn. Það er því vel nothæft hvað hitastig snertir til hraðþurrkunar á grasi.

Varmahlíðarstjórn gaf nefndinni heimild til þess að vinna að því að ný borhola yrði staðsett í Varmahlíð hið fyrsta.

Nefndinni þætti æskilegt að fá um það vísbendingu frá landbúnaðarráðuneytinu, hvað frekar hún ætti að vinna í þessu heitavatnsmáli, þar sem jarðhitarannsóknir og staðsetning borholu kosta einhverja fjármuni.

Nefndin vill svo að lokum minna á, að á sínum tíma var áformað, að verksmiðjan í Hólminum yrði hin þriðja í röðinni af ríkisverksmiðjunum, og langt er síðan keyptar voru þrjár jarðir fyrir verksmiðjuna.

Ástæða væri því til að framkvæmdir hæfust af fullum krafti á næsta sumri. Heitir nefndin á landbúnaðarráðuneytið að beita sér fyrir því af alefli, að svo megi verða.

Virðingarfyllst,

Gunnar Oddsson. Egill Bjarnason. Páll Pétursson.  
Brynjólfur Sveinbergsson. Pálmi Jónsson.

#### Fylgiskjal V.

Fulltrúafundur Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga, Kaupfélags Þingeyinga, Húsavíkurkaupstaðar og Landnáms ríkisins, haldinn á Hótel Húsavík 7/11 1975, með þingmönnum Norðurlandskjördæmis eystra, samþykkir eftirfarandi:

Fundurinn telur að óeðlilegur dráttur hafi orðið á nauðsynlegum fjárveitingum til framkvæmda við áætlaðar fóðuriðjuframkvæmdir í Saltvík í Suður-Þingeyjar-sýslu.

Fundurinn lítur svo á, að hér sé um að ræða þjóðhagslega hagkvæma framkvæmd, sem nýtt getur innlandan orkugjafa, til gjaldeyrissparnaðar fyrir þjóðarbúið.

Reynslan hefur þegar sýnt, að þessi fóðuriðnaður er fullkomlega samkeppnisfær við annan iðnað í landinu og skapar auk þess mikilvæga tryggingu í fóðuröflun fyrir landbúnaðinn, ekki síst fyrir harðbýlustu héruð landsins.

Fundurinn skorar því á þingmenn kjördæmisins að beita sér fyrir því af alefli, að tekin verði upp í fjárlög 1976 60 milljón króna fjárveiting, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar tryggt á annan hátt, til fyrirhugaðrar fóðuriðju við Saltvík, og stefnt verði að því að verksmiðjan geti tekið til starfa sumarið 1977.

Finnur Kristjánsson.  
Ari Teitsson.  
Vigfús B. Jónsson.  
Jónas Egilsson.  
Baldvin Baldursson.  
Teitur Björnsson.  
Sigurður Þórarinnsson.  
Stefán H. Sigfússon.  
Guðmundur Bjarnason.  
F. Gíslason.  
Stefán Skaftason.  
Stefán Óskarsson.

Jóhann Hermannsson.  
Þórólfur Árnason.  
Atli Baldvinsson.  
Arnþjótur Sigurjónsson.  
Sigurjón Jóhannesson.  
Hermóður Guðmundsson.  
Árni Jónsson.  
Haukur Harðarson.  
Böðvar Jónsson.  
Jóhanna Aðalsteinsdóttir.  
Skafti Benediktsson.

#### Greinargerð.

Samkvæmt lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, samþykktum á Alþingi 5. apríl 1971, skyldi landnámsstjórn í samráði við Búnaðarfélag Íslands láta gera áætlun um, hversu margar grænófóðurverksmiðjur sé eðlilegt að stofna í landinu, og gera tillögur um staðarval.

1972 samþykkir landbúnaðarráðherra tillögur frá þessum aðilum að reistar skuli þrjár verksmiðjur á næstu 5 árum, þ. e. í Flatey, A.-Skaftafellssýslu, í Saltvík í Reykjahreppi og Hólminum í Skagafirði.

Undirbúningur ræktunarframkvæmda í Saltvík er það vel á veg kominn, að þess vegna getur væntanleg verksmiðja tekið þar til starfa 1977. Búið er að brjóta tæpa 200 ha lands, þurrka landið og girða. Melar eru 50—60 ha, annað land er smáþýfðir móar, mjög auðunnir.

Á þessu hausti var sáð í 40 ha lands.

Heimaaðilar leggja á það ríka áherslu, að innlend orka verði notuð sem aðalorkugjafi verksmiðjunnar. Bendum við á, að hitaveitunefnd Húsavíkur hefur þegar samþykkt að selja verksmiðjunni vatn, sbr. samþykkt gerða á fundi hitaveitunefndar Húsavíkur með stjórn B. S. S. Þ., landnámsstjóra, stjórnarformanni landnámsstjórnar og Stefáni H. Sigfússyni, sem er í landnámsstjórn.

„Fundarmenn voru sammála að lýsa yfir gagnkvæmum vilja til að af sölu geti orðið á heitu vatni til grasköglaverksmiðju í Saltvík. Verði gerður ramma-samningur milli aðila, þar sem þess verði gætt, að hagsmunir beggja séu tryggðir.“

Þá má áætla, að afgangorka frá Kröfluvirkjun verði til ráðstöfunar 1977.

Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu hefur frá 1967 gert ítrekaðar tilraunir að koma þessu verksmiðjumáli í höfn. Bændur hér í héraði hafa alla tíð haft mikinn áhuga á þessu máli og gera sér ljósa grein fyrir þýðingu grasköggla í búskap sínum. Eins og málin standa í dag má fullyrða, að þeim sé fyrirmunað að nota grasköggla vegna mikils flutningskostnaðar frá verksmiðjum ríkisins sunnan- og vestanlands.

Kögglar, sem þar eru seldir á kr. 33.00 pr. kg, eru seldir á Húsavík á kr. 42.60 pr. kg, þannig að verð pr. fe. verður töluvert miklu dýrara í graskögglum en innfluttum fóðurbæti.

Framleiðslugeta Saltvíkur-verksmiðjunnar er áætluð 2500—3000 tn. af graskögglum á ári. Þá er reiknað með 5 tonna eimingargetu á klst. Framleiðsluverðmæti er ca. 100 milljónir króna á ári. Kostnaðaráætlun fyrir verksmiðjuna á verð-



lagi dagsins í dag 210 millj. kr. Framleiðsluverðmæti er því hátt samanborið við stofnkostnað. Fullyrða má, með reynslu verksmiðjunnar í Gunnarsholti í huga, að Saltvíkur-verksmiðjan verður mjög arðbært fyrirtæki og kemur til með að jafna þann aðstöðumun, sem bændur norðanlands nú búa við samanborið við starfsbræður þeirra sunnan- og vestanlands.

Stefán Skaftason, Straumnesi.

#### Fylgiskjal VI.

##### Kaflí úr greinargerð Stefáns Arnar Stefánssonar verkfræðings.

10. **NIÐURSTÖÐUR.**
- 10.1. Aðstæður til nýtingar umframorku hitaveitu og virkjunar jarðvarma sýnast mun betri í nágrenni Saltvíkur eða í Reykjahverfi en að Varmahlíð.
- 10.2. Aðstæður til nýtingar umframraforku frá eða um byggðalínu sýnast mun betri að Varmahlíð en í nágrenni Saltvíkur.
- 10.3. Verð á umframorku frá byggðalínu á Akureyri er nú 5.24 kr/kwst. eða um 0.61 aurar/kcal. En verð á svartolíu er nú 56.22 kr/kg frá bíl til verksmiðju eða röskir 0.57 aurar/kcal.
- 10.4. Búast má við um 25% hækkun svartolíu á næstunni, og fljótlega 30% hækkun þar ofan á.
- 10.5. Þau tæki til þurrkunar með raforku, sem undirritaði hefur fundið án verulegrar leitar, eru dýrari en bandaþurrkarinn, sem nýtir jarðvarma.
- 10.6. Jarðvarmi sýnist geta orðið ódýrari afgangi í nágrenni Saltvíkur en raforka í nágrenni Varmahlíðar, vegna þess að um umframorku frá auðunnu svæði er að ræða.
- 10.7. Vel sýnist koma til greina að nýta jarðvarma í Saltvík, ef byggja á fleiri grasköglaverksmiðjum. Hönnun og kostnað þarf að skoða nánar.
- 10.8. Að mati undirritaða er sennilega þjóðhagslega hagstæðara að taka jarðvarmann úr Húsavíkurhitaveitunni eða með borun að Hveravöllum en að taka 5 til 10 mw orku út af byggðalínu, þar eð þá orku mætti nýta miklu víðar.
- 10.9. Eftir síðustu hækkunir svartolíu og þær hækkunir, sem búast má við á næstunni, sýnist undirritaða einsýnt að skoða eigi þetta mál nánar, leita upplýsinga erlendis, grófhanna og kostnaðaráætla þurrkakerfi fyrir jarðvarma. Einnig bæri að leita lausnar á nýtingu raforku til beinnar eða óbeinnar þurrkunar. En slík lausn gæti haft mjög mikið þjóðfélagslegt gildi utan landbúnaðar, þ. e. í fiskimjölsiðnaðinum.
- 10.10. Hugá þarf einnig að orku- eða olíusparnaði í þeim grasköglaverksmiðjum, sem nú eru fyrir í landinu.
- 10.11. Rafmagnsveitustjóri hefur gefið loforð um að starfsmenn Rarik geri þær kostnaðaráætlanir um orkuvirki og línur, sem um verður beðið.
- 10.12. Stefán Skaftason, héraðsráðunautur, hefur gert áætlun um ræktunarkostnað í Saltvík og nágrenni miðað við 800 ha. Niðurstöðutalan var 146 m.kr., þar af er lokið verki er svarar til röskra 37 m.kr.
- 10.13. Markaðskönnun Stefáns Skaftasonar bendir til þess að selja mætti 3000 tonn frá verksmiðjunni, að hans mati.
- 10.14. Nauðsyn er að halda áfram viðræðum við Húsvíkinga um mögulega sölu umframorku og öll skilyrði slíkrar sölu. Einnig kynnu þeir að þurfa að flýta lög hluta 300 mm aðveituæðarinnar.

11. **VERKEFNALISTI.**
- 11.1. Kanna nánar aðstæður til nýtingar jarðvarma í Hólminum, sbr. væntanlega skýrslu Orkustofnunar yfir rannsóknir þar, og möguleika á borun vinnsluholu.
- 11.2. Kanna nánar möguleika á samningum við Hitaveitu Húsavíkur og undirbúa samningsgerð.
- 11.3. Grófhanna verksmiðju með jarðvarmaþurrkara. Endurbæta HBM þurrkarann í samvinnu við framleiðanda. Leita annarra þurrkara fyrir jarðvarma.
- 11.4. Fá tilboð í allar vélar tilheyrandi verksmiðjunni og grófáætla stofnkostnað verksmiðjunnar.
- 11.5. Grófhanna tengibúnað við hitaveituæðina til Húsavíkur, þar með dælu, og áætla stofnkostnað.
- 11.6. Grófhanna verksmiðjuhús með starfsmannaáðstöðu miðað við jarðvarmaþurrkara og áætla stofnkostnað.
- 11.7. Grófhanna 3ja fasa raflögn að verksmiðju og kostnaðarmeta — **Rarik gerir þetta aðallega.**
- 11.8. Kostnaðaráætla hefðbundna eldþurrkunarverksmiðju til samanburðar.
- 11.9. Kanna nánar aðstæður til nýtingar raforku til þurrkunar á plöntum og öðrum lífrænum massa.
- 11.10. Grófhanna verksmiðju með rafkyntum þurrkara og kostnaðaráætla.

Reykjavík, 30. júní 1979.

Stefán Örn Stefánsson.